

<i>Titill:</i>	Notendahópur um vísitölu neysluverðs
<i>Fundarstaður og -tími:</i>	1. fundur, haldinn 27. júní 2005 á Hagstofu Íslands
<i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i>	Hallgrímur Snorrason, Rósmundur Guðnason og Guðrún R. Jónsdóttir
<i>Aðrir fundarmenn:</i>	Benedikt Valsson og Ásta Björk Sigurðardóttir, Fjármálaráðuneyti, Þórarinn G. Pétursson, Seðlabanka, Ólafur Darri Andrason, ASÍ ráðgjafarnefnd, Björn Rúnar Guðmundsson, Landsbanka

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Kynning á starfi og hlutverki notendahópsins, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri.
2. Afstaða þátttakenda til vinnu hópsins.
3. Kynning á niðurstöðum ROSC skýrslu Alþjóða gjaldeyrissjóðsins
4. Áframhald, næsti fundur, tímasetning og dagskrá.

1. Hallgrímur bauð fundarmenn velkomna og greindi frá aðdraganda að stofnun notendahóps um vísitölu neysluverðs. Markmiðið er að skapa vettvang fyrir umræðu um aðferðafræði vísitölnnar og einstaka liði hennar.
2. Fundarmenn fögnuðu stofnun hópsins og rædd voru ýmis fundarefni sem áhugi er á að tekin verði til kynningar og umræðu. Meðal fundarefna voru nefnd:
 - Samræmd vísitala neysluverðs.
 - Vinnulag vísitölnnar; t.d. hvernig ráðgjafarnefndin kemur að málum og hvernig aðdragandinn er að breytingum á aðferðafræði við útreikning vísitölnnar.
 - Vísitala neysluverðs og verðvísitala einkaneyslu þjóðhagsreikninga, í hverju felst munurinn á þeim? Hugsanlegt að fara yfir málið sameiginlega með notendahópum um vísitölu neysluverðs og þjóðhagsreikninga.
 - Grunnur vísitölnnar; niðurstöður rannsóknar á útgjöldum heimila.
 - Úttekt Alþjóða gjaldeyrissjóðsins á hagskýrslugerð á Íslandi, m.a á vísitölu neysluverðs; helstu niðurstöður og ábendingar.
3. Hallgrímur fór stuttlega yfir niðurstöður úr s.k. ROSC skýrslu (Report on the Observance of Standards and Codes) Alþjóða gjaldeyrissjóðsins. Sendinefnd kom hingað í vetur og gerði m.a úttekt á vísitölu neysluverðs, þeim aðferðum sem beitt er, útgáfumálum, kynningu o.fl. Í meginatriðum fær íslenska vísitalan mjög góða einkunn. Skýrslan í heild verður birt á vef IMF síðar í ár.
4. Áformað er að fundir hópsins verði u.þ.b. tvisvar sinnum ári en oftast ef þurfa þykir. Næsti fundur verður haldinn í október og verður efni hans samræmd vísitala neysluverðs, kynning á aðferðafræði, gerð og vinnu við samræmingu og um vinnulag vísitölnnar en þátttakendur eru velkomnir með tillögur að fundarefni.

Notendahópur um vísitölu neysluverðs

Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytis - Benedikt Valsson, varamaður Ásta Björk Sigurðardóttir

Seðlabanki Íslands - Þórarinn G. Pétursson

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands - Helgi Tómasson

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík - Ólafur Ísleifsson

Viðskiptaháskólinn á Bifröst – Jón Þór Sturluson

Greiningardeild Íslandsbanka hf. - Ingvar Arnarsson

Greiningardeild KB Banka hf. - ?

Greiningardeild Landsbanka Íslands hf. - Edda Rós Karlsdóttir, varamaður Björn Rúnar Guðmundsson

Ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs –

Guðlaugur Stefánsson (tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins)

Ólafur Darri Andrason (tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands)

Sigurður Á. Snævarr (tilnefndur af Hæstarétti)

Hagstofa Íslands –

Hallgrímur Snorrason

Rósmundur Guðnason

Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir

Jökull Mar Pétursson

Tryggvi K. Eiríksson